

**4. Gjaldtökuheimild.**

Um gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá þessari fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Gjaldtaka vegna leyfa samkvæmt 3. tl. og 4. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 73/1997 fer eftir sömu ákvæðum.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt eftir 2 umræður í bæjarstjórn Austur-Héraðs 19. september 2001.

*Egilsstöðum, 20. september 2001.*

F.h. bæjarstjórnar Austur-Héraðs,

**Bj. Hafþór Guðmundsson** bæjarstjóri.

**AUGLÝSING****um gjöld vegna námskeiðs til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.**

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu nr. 612/2001 eru gjöld vegna námskeiðs sem halda á seinni ársþelming 2001 ákveðin þessi:

Kennslugjald vegna I. hluta námskeiðs                      kr. 60.000.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. september 2001.*

F. h. r.

**Jón Thors.**

*Bryndís Helgadóttir.*